

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir aukarjettinum á að vera ómerk, og vísast málinu heim aptur til löglegri meðferðar.

Mánudaginn 2. júnímánaðar.

Nr. 12/1890.

Rjettvísín

gegn

Daníel Þorsteinssyni.

### D ó m u r :

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu uppkveðnum 18. nóvember f. á., var hinn ákærði, Daníel bóndi Þorsteinsson á Kaldárholti, í máli, sem höfðað var gegn honum af hálfu rjettvísinnar fyrir þjófnað og svik, dæmdur samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna, 25. júní 1869, í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af sökinni gegn honum leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur amtmaðurinn í suðuramtinu áfrýjað til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Á útmánuðum 1885 tókst ákærði á hendur að flytja af Skeiðum og suður í Hafnarfjörð útgeið vermanns nokkurs, Bjarna Björnssonar, og varð Bjarni þessi honum samferða suður, en fyrir ofan Hafnarfjörð skildust þeir og fór Bjarni fyrir ákærða með brjef ofan í Reykjavík, en ákærði hjelt áfram ofan í Hafnarfjörð. Þeir ákærði og Bjarni hittust aptur á leiðinni milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eða í Reykjavík, og sagði þá ákærði Bjarna, að hann hefði skilið færur Bjarna eptir á tilgreindum bæ í Hafnarfirði og þar væru þær allar; en þegar Bjarni skóðaði þær litlu síðar vant-

aði 7 pd. af smjöri af því, sem ákærði hafði tekið til flutnings. Ákærði var þá farinn austur aptur, en kannaðist við það nokkru síðar í brjefi er hann skrifaði Bjarna að austan, að hann hefði tekið smjörið «traustataki», það hann fyrirgefningar á því, og lofaði að láta hann fá lamb fyrir smjörið og fódra það fyrir hann fram eptir vetrinum. Ekki varð þó úr því, að ákærði efndi þetta loforð sitt eða borgaði Bjarna smjörið, og leið svo til hausts 1886; þá fór Bjarni heim til ákærða, til að ganga eptir borguninni fyrir smjörið, og gaf þá ákærði honum leyfi til að fara í lambhús sitt með syni sínum og velja þar um tvö tiltekin lömb og mátti hann auðkenna sjer annað þeirra og skyldi hann eptir framburði ákærða eignast það næsta vor, ef ákærði eigi þá hefði borgað honum smjörskuldina, en Bjarni hefur skýrt svo frá, að hann hafi álitid að honum hefði verið fengið lambið til eignar þá þegar, enda brennimerkti hann sjer það. Um veturinn og vorið eptir var tvívegis gengið eptir lambinu hjá ákærða af hendi Bjarna, en það fjekkst ekki, enda kveðst ákærði hafa ásett sjer, að láta Bjarna eigi fá það, en einungis borgun fyrir smjörið, en eptir henni hafi eigi verið gengið hjá sjer. Um vorið markaði ákærði lambið upp undir annað mark, sem hann hafði leyfi til að nota og hornskekti það, og var það síðan látið út í eyju nokkra (Árnesið) til að ganga þar yfir sumarið, en um haustið eptir var það loks sent fódur Bjarna, sem Bjarni hafði heimilað það til eignar og var þá einnig brennimarkið orðið óljóst nokkuð. Á meðan á prófum málsins stóð sleppti ákærði síðan öllu tilkalli til lambsins í hendur Bjarna upp í smjörskuldina.

Ákærði hefur fastlega neitað því, að hann hafi

uppmarkað hið umrædda lamb eða hornskellt það í þeim tilgangi, að villa heimildir á því, og hefur eigi viljað kannast viðað hafa hreift nokkuð við brennimarki Bjarna á því, og kveðst hann hafa gjört hitt að eins til þess að auðkenna lambið með sama marki og aðrar aðfengnar kindur sínar, sem látnar voru með því út í «Árnesið», svo enginn vafi eða ruglingur yrði um það. Þessum framburði ákærða verður eigi hrundið, og með því að einnig verður að álíta, eptir því sem upplýst er, að ákærði hafi að eins heimilað Bjarna hið umrædda lamb sem *veð*, þá er eigi sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi ætlað að draga sjer lambið svíksamlega eða gjörzt sekur í öðru hegningarverðu athæfi, hvað það snertir. Fyrir smjörtökuna ber aptur á móti að refsa honum, eins og undirdómarinn hefur gjört, samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og var með stiptamtsúrskurði 23. desbr. 1870 sektaður um 10 rd. fyrir mótþróa og ofríki við hreppstjóra, en ekki hefur að öðru leyti verið ákærður eða dæmdur fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega metin af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og braud. Með því að ákærða og ber að greiða málskostnaðinn í hjeradi, ber að staðfesta aukarjettardóminn í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða kostnað sakarinnar fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið töluvert seinfara, þó eigi virðist næg ástæða til, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslu-laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lög-um.

Nr. 13/1890.

Rjettvísinn  
gegn  
Bjarna Davíðssyni

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, gengnum 22. jan. þ. á., var hinn ákærði Bjarni Davíðsson dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða 5 daga einfalt fangelsi fyrir að hafa veitt Sigurði Sigurðssyni á Þórustöðum áverka. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu að hinn ákærði Bjarni Davíðsson og tveir bræður hans hittu Sigurð Sigurðsson á Þórustöðum, konu hans og fleira fólk á heimleið úr Hálskógi 21. júlí f. á., og að Bjarni og Sigurður áttu í orðadeilum á leiðinni. Þegar þeir voru komnir lítið eitt suður fyrir Kaupangur sló Sigurður, eptir því sem ákærði hefur borið og 1 vitni staðhæft, til hins ákærða með skógarhríslu og af honum hattinn; að því búnu reið Sigurður hart leið sína, en Bjarni á eptir;